

Ed.

650. Nefndarálit

[109. mál]

um frv. til l. um breyt. á erfðalögum, nr. 42 23. maí 1949.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ég er sammála flm. um meginatriði frv. þessa, en tel rétt að gera á því nokkrar minni háttar breytingar. Erfðaréttur fjarskyldra ættingja, sem engar sérstakar skyldur hafa við arfleifanda, er að mínu áliti ekki í samræmi við núverandi þjóðfélagshætti. Erfðaréttur og framfærsluskylda fór saman að fornum lögum og er í eðli sínu nátengt. Er því fullkomlega eðlilegt, að sú stofnun, sem sankv. landslögum hefur að mestu leyti með höndum framfærslu gamalmenna og öryrkja, fái rétt til arfs á eftir nánnum skyldmönnum og á undan þeim, sem engar slíkar skyldur höfðu við arfleifanda, hvorki að lögum né samkvæmt viðteknum venjum.

Mjög er algengt, að systkini sjái hvort öðru farborða, eftir því sem geta leyfir, þótt ekki hvíli á þeim slík framfærsluskylda að lögum. Ég tel því rétt að rýmka ákvæði frv. um þetta efni. Jafnframt virðist mér, að vel mætti auka rétt manna til þess að ráðstafa hluta eigna sinna með arfleiðsluskrá frá því, sem frv. gerir ráð fyrir.

Samkv. framansögðu tel ég rétt, að frv. verði samþ. með breytingum í þá átt, sem að framan greinir. Meiri hluti nefndarinnar vill hins vegar ekki takmarka erfðaréttinn umfram það, sem gert er með lögunum frá 1949, og leggur til, að frv. verði fellt. Afgreiðsla frv. við 2. umræðu sker úr um það, hvort sjónarmiðið deildin fellst á. Verði frv. vísað til 3. umræðu, mun ég leggja fram breytingartillögur mínar fyrir þá umræðu.

Alþingi, 8. febr. 1951.

H. Guðmundsson.